

John Anthony Mizzi gegn Möltu

Dómur frá 22. nóvember 2011

Mál nr. 17320/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Ummæli um látinn stjórnmálamann.

1. Málsatvik

Kærandi, John Anthony Mizzi, er maltneskur ríkisborgari. Hann fæddist árið 1925 og býr á Möltu.

Í febrúar árið 1994 birti dagblaðið *The Sunday Times of Malta* bréf kæranda til ritstjórnarinnar þar sem kærandi lýsti skoðunum sínum á fyrirætlunum stjórnvalda um að gera snekkjuhöfn á tilteknum stað við eyjuna. Kærandi gagnrýndi að ekki hefði verið haft nægilegt samráð við íbúa í nágrenninu. Í bréfinu rakti kærandi sögu byggingaráætlunarinnar í grófum dráttum. Kom þar fram að ástæða þess að yfirleitt hefði verið byggt nokkuð á þessum stað hefði verið sú að Sir Paul Boffa, fyrrverandi forsætisráðherra landsins, hefði viljað byggja þar á sínum tíma.

Boffa var látinn þegar bréf kæranda var birt. Sonur hans höfðaði meiðyrðamál gegn kæranda í kjölfar birtingarinnar. Maltneskir dómstólar komust að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði í raun sagt að Boffa hefði beitt sér fyrir því að heimilað yrði að byggja á umræddu svæði til þess að Boffa sjálfur gæti byggt sér hús þar. Var kærandi dæmdur til að greiða syni Boffa miskabætur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því einkum fram að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans þar sem hann hefði verið dæmdur fyrir meiðyrði og til að greiða miskabætur.

Niðurstaða

Aðilar voru sammála um að tjáningarfrelsi kæranda hefði verið takmarkað, takmörkunin hefði verið reist á lögum og að takmörkunin hefði verið þágu lögmæts markmiðs.

Dómstóllinn tók fram að túlka hefði mátt hin umdeildu orð kæranda á mismunandi hátt. Maltneskir dómstólar hefðu gert ráð fyrir að ásetningur hefði búið að baki orðum kæranda um að meiða æru Boffa og að kærandi hefði sagt að eigin hagsmunir hefðu ráðið gjörðum hans sem forsætisráðherra. Dómstóllinn benti á að enda þótt túlkun maltneskra dómstóla á orðum kæranda gæti staðist, hefðu þeir gengið út frá ásetningi kæranda og ekki gengið úr skugga um hvað honum hefði gengið til. Dómstóllinn tók fram að svo virtist sem maltnesku dómstólarnir hefðu ekki skoðað bréf kæranda í heild sinni. Athugasemd kæranda um Boffa hefði einungis verið aukaatriði í bréfinu. Yfirbragð þess hefði verið yfirvegað og þá sérstaklega sá hluti þess sem fjallaði um Boffa. Ekki yrði sagt að bréfið hefði verið ögrandi eða ýkjukennt.

Einnig var bent á að svo virtist sem engu máli hefði skipt að Boffa hefði verið forsætisráðherra Möltu og þar með opinber persóna sem yrði að þola meiri gagnrýni en aðrir. Ekki hefði verið tekið tillit til þess að bréf kæranda fjallaði um málefni sem varðaði almannahagsmuni.

Loks tók dómstóllinn fram að Boffa hefði verið látinn þegar kærandi lét ummæli sín í ljós. Neikvæðar afleiðingar bréfsins á mannorð Boffa væru því takmarkaðar.

Í ljósi alls ofangreinds var talið að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans. Kæranda voru dæmdar 700 evrur í bætur fyrir fjárhagslegt tjón og 4 þúsund evrur í miskabætur. Honum voru einnig dæmdar 5.300 evrur í málskostnað.